



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 12. febrúar 1999

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 123/965*  
*komudagur 16.2.1999*

Efni: Umsögn um frv. um br. á lögum um aðgerðir gegn peningabvætti (226. mál).

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða og Samtaka verðbréfafyrirtækja.

Vísað er til bréfs yðar frá 23. nóvember 1998, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningabvætti (226. mál).

Samböndin geta í öllum meginatriðum stutt frumvarpið. Þau telja þó nauðsynlegt að koma á framfæri athugasemdum við nokkur ákvæði þeirra:

*1. mgr. 1. gr. (starfsemi á grundvelli alþjóðasamninga).*

Samböndunum er ekki ljóst hver er merking orðanna „samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að“ í 1. mgr. 1. gr. Vísa þau til þjónustu hér á landi, þjónustu erlendis eða hvort tveggja? Hvaða gildi hefur slík tilvísun?

*2. mgr. 1. gr. (happdrætti o.fl.)*

Í athugasemdum segir að ákvæðið sé í samræmi við 9. gr. í tilmælum FATF-hópsins (Financial Action Task Force on Money Laundering). Samböndin geta hins vegar ekki séð við lestur á 9. gr. tilmælanna, lestur á öðrum greinum þeirra eða skýringum sem samdar hafa verið við ýmsar greinar þeirra (Interpretative Notes), að svo sé. Að því er best verður séð falla happdrætti heldur ekki undir ákvæði dönsku peningabvættislaganna nr. 348/1993. Hér virðist því vera á ferðinni tillaga um séríslenska útfærslu. Samböndin telja ekki ástæðu til þess.

*a-liður 3. gr.*

Samböndin hafa fullan skilning á nauðsyn þess að viðskiptavinir sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja. Staðreyndin er engu að síður sú að fjöldi eldra fólks á ekki eða gengu ekki með á sér þau skilríki sem nefnd eru í athugasemdum við þessa grein og þyrfti því að afla vottorðs frá Hagstofunni til að sanna á sér deili. Að mati sambandanna gengur slíkt ekki gagnvart þessu fólki. Þá telja samböndin mikilvægt að debetkort verði viðurkennd sem fullgild persónuskilríki, enda er á þeim bæði mynd og sýnishorn af eiginhandaráritun korthafans og útbreiðsla þeirra orðin mjög mikil.

Í a-lið er notað orðalagið „... með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands“. Hér er væntanlega um misritun að ræða. Af athugasemdum við greinina má álykta að ætlunin hafi



verið að orða þetta t.d. þannig: „... með framvísun persónuskilríkja eða vottorði Hagstofu Íslands um nafn, lögheimili og kennitölu“. Í athugasemdunum er einnig vikið að ökuskírteinum og má skilja textann þannig að Hagstofa Íslands gefi þau út sem er rangt.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæðið er augljóslega óþarft.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
frankvæmdastjóri